

Ed.

167. Breytingartillaga

[77. mál]

við frv. til l. um ráðstöfun á gengishagnaði af útfluttum sjávarafurðum o. fl.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 1. gr. síðustu málsgrein. Í stað þessarar málsgreinar komi:

Sjávarútvegsráðgjafi getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd ákvæðanna í staflinu a—d í þessari grein. Til að sjá um úthlutun bóta samkvæmt a-lið skal skipa nefnd 5 manna. Formaður nefndarinnar skal tilnefndur af ráðgjafi, en hinir skipaðir samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila: Landssambands íslenskra útvegsmanna; Síldarverksmiðja ríkisins og annarra síldarverksmiðja sameiginlega; Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda; Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og Sambands íslenskra samvinnufélaga sameiginlega. Komi aðilar sér ekki saman um fulltrúa, skipar ráðgjafi í hans stað mann með þekkingu á þeirri atvinnugrein, sem um er að ræða.

Bætur samkvæmt staflinu b, c og d skulu ekki fara fram úr 45 milljónum króna.